

7.11.2014

Til Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis.

Vegagerðin sendi inn umsögn um ofangreint frumvarp, 157. mál, innan tilgreinds frests. Vegagerðin óskar eftir að fá að bæta við breytingatillögu sem ekki lá fyrir þegar umsögnin var send. Haft var samráð við innanríkisráðuneytið og litið svo á að ráðuneytið geri ekki athugasemdir við að rétt sé að leggja þetta til.

Tillagan er í samræmi við lög um Vegagerðina nr. 120/2012 og tengist þeirri breytingu sem lögð er til í 1. og 2. gr. frumvarpsins að kveða á um það hlutverk Samgöngustofu að hafa eftirlit með öryggisstjórnun vegamannvirkja. Um er að ræða tillögu um að fella brott 3. mgr. 15. gr. laganna sem er svohljóðandi: "*Innan Vegagerðarinnar skal vera starfrækt óháð deild sem heyrir beint undir [forstjóra Vegagerðarinnar]¹⁾ og skal sjá um innra eftirlit með veghaldi stofnunarinnar, þ.m.t. umferðaröryggi vega.*"

Lögð er til svohljóðandi breyting á frumvarpinu:

"Við 4. gr. frumvarpsins bætist málsgrein sem verður 2. mgr. svohljóðandi:

3. mgr. 15. gr. laganna fellur brott."

Greinargerð:

Í 3. mgr. 15. gr. vegalaga nr. 80/2007 er fjallað er um innra eftirlit hjá Vegagerðinni. Í ljósi þess að sett hafa verið sértök lög um Vegagerðina verður að telja ákvæðið misræmi að hafa áfram í vegalögum ákvæði sem snýr að innra eftirliti hjá Vegagerðinni. Tilgangur með setningu 3. mgr. 15. gr. var ekki síst að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins nr. 2008/96/EB frá 19. nóvember 2008 um öryggisstjórnun vegamannvirkja. Var talið nauðsynlegt við innleiðingu tilskipunarinnar að kveða með lögum á um sjálfstætt innra eftirlit hjá Vegagerðinni. Telja má ákvæðið óþarft hvað varðar eftirlit með framkvæmd öryggisstjórnunar vegamannvirkja með því að eftirlitið færir yfir til Samgöngustofu samkvæmt frumvarpinu. Gert er ráð fyrir því að áfram verði við líði innra eftirlit hjá stofnuninni í samræmi við gildandi skipulag hennar hverju sinni og í samræmi við góða stjórnsýsluhætti en ekki er lengur talin þörf á að lögfesta sérstaklega slíka skipan. Er því lögð til sú breyting að 3. mgr. 15. gr. vegalaga verði felld úr vegalögum.

Óskað er eftir að framangreindri breytingatillögu verði bætt við umsögn Vegagerðarinnar.

Með kveðju



Stefán Erlendsson

Forstöðumaður lögfræðideildar